



Morgunblaðið/Ómar

Fyrir stuttu fannst friðað skírnarfat frá sautjándu öld sem tilheyrði kirkjunni á Þingvöllum samkvæmt kirknaskrá Matthíasar heitins Þórðarsonar Þjóðminjavarðar.

aða kirkjugrípi á Íslandi, en hann fór um landið í því skyni að skrá gripina á árunum 1909–1922. Við undirbúning útgáfu ritraðarinnar var farið gegnum skrá Matthíasar og aðrar ritaðar heimildir um kirkjugrípi. Kom þá í ljós að margir friðaðir gripir hafa horfið í tímans rás. Mikilvægt er að geta þannig staðfest með rannsóknum á frumheimildum um hvaða gripni og áhöld kirknanna er að ræða. Vitaskuld hafa margir gripanna gengið úr sér við notkun og öðrum gripum verið fargað af vangá. Hins vegar eru því miður dæmi um þjófnad og skemmdarverk á kirkjumunjum. Það er því afar áriðandi að tryggja öryggi kirkjumunja með viðeigandi ráðstöfunum jafnframt því að tryggja aðgengi almennings að kirkjunum, þannig að með góðri samvinnu hlutaðeigandi aðila fari saman öryggi og varðveisla kirkjumunja samhliða notkun og aðgengi að minjunum.

Fjölmargir friðaðir kirkjugripir hafa týnst í aldanna rás. Með útgáfunni um *Kirkjur Íslands* verður auðveldara að hafa yfirsýn yfir og varðveita þann arf sem kirkjunum tilheyrir og jafnvel endurheimta áður glataðar minjar. Eftir bruna hinnar friðuðu Krýsuvíkurkirkju árið 2010 skipti sköpum að um hana hafði verið fjallað í útgáfunni og hún þá nákvæmlega mæld upp og ljósmynduð. Þær heimildir hafa verið grunnurinn að endursmíði kirkjunnar, þótt minjagildi kirkjuhússins hafi vissulega glatast við brunann.

Bundnar eru vonir við að finna megi einhverja þeirra friðuðu gripa sem glatast

hafa úr kirkjunum. Þar er meðal annars um að ræða níttjándu aldar þjónustukaleik og patínu úr Möðruvallarkirkju í Hörgárdal og þjónustukaleik úr silfri, sem tilheyrði Þingvallakirkju. Þessir gripir eru því miður enn ófundnir. Einstök miðaldaljósaग्रind úr smíðajárni úr Holtastaðakirkju í Langadal, sem Matthías Þórðarson ritaði um árið 1910, er meðal þeirra gripa sem hafa glatast.

Þá ber að fagna því að rannsóknarvinna í tengslum við útgáfuna um *Kirkjur Íslands* hefur í nokkrum tilvikum leitt til þess að einstakir kirkjugripir hafa komið í leitirnar heilir og þeir verið færðir kirkjunum á ný. Ánægjulega dæmið um þetta er að fundist hefur friðað skírnarfat sem samkvæmt kirknaskrá Matthíasar og úttektum á friðuðum gripum í kirkjunni á Þingvöllum átti að vera í eigu hennar. Þar er um að ræða áttítt skírnarfat úr tini frá sautjándu öld, með sérstökum stimpli og ártalinu 1656 auk upphafsstafa smíðsins, *PHS*. Skírnarfatið hafði varðveist vel og var fært Þjóðminjasafni Íslands sem mun nú á vordögum afhenda Þingvallakirkju skírnarfatið til afnota við kirkjulegar afhafnir í framtíðinni. Vonandi munu fleiri friðaðir kirkjugripir, sem týnst hafa úr kirkjunum, finnast heilir og endurheimta sinn sess í kirkjum landsins. Rannsóknir og umhyggja landsmanna fyrir menningararfinnum getur í reynd stuðlað að varðveislu hans. Það er mikilvert fyrir þjóð sem byggir fullveldi sitt öðru fremur á menningu og sögu.



Þjáning Óðins eftir enska listamanninn og fornfræðinginn William Gershom Collingwood.

Hugarheimur þrungið göldrum og forneskju

BÓKMENNTIR

Hrafnagaldur

Textafræðileg útgáfa af Eddukvæðinu Hrafnagaldri Óðins. Dr. Annette Lassen annaðist útgáfuna. Viking Society for Northern Research gefur út.

Hrafnagaldur Óðins er kvæði í stíl Eddukvæða sem varðveitt er í handritum frá síðari hluta 17. aldar. Kvæðið komst á prent 1787 í fyrsta skipti sem Eddukvæðin voru gefin út. Þar fylgdi kvæðinu þýðing á latínu og síðar var það þýtt á fleiri mál. Frá því að Hrafnagaldur kom fyrst fram á sjónarsviðið hefur hann reynst fræðimönnum ærið tormeltur enda er kvæðið sérstakt að orðfæri og virðist segja sögu sem ekki er annars staðar kunn. Á seinni hluta 19. aldar komust fræðimenn á þá skoðun að Hrafnagaldur væri miklu yngri en önnur Eddukvæði og því væri óþarft að hafa hann í Edduútgáfum eða veita honum nokkra sérstaka athygli. Við þetta sat að mestu fram til loka 20. aldar en þá vaknaði áhugi á kvæðinu á ný.

Í bókinni sem hér er fjallað um hefur dr. Annette Lassen gefið út Hrafnagaldur eftir öllum þeim 37 handritum sem vitað er til að geymi kvæðið. Hér hefur sannarlega ekki verið kastað til hendinni því að ítarleg grein er gerð fyrir hverju einasta handriti. Lesbrigði Hrafnagaldurs eru rædd og sýnt er fram á ættarsamband handritanna eftir því sem kostur er. Útlit og annað innihald handritanna er einnig rætt að nokkru og fróðlegt er að sjá hvaða ferðafélaga Hrafnagaldur hefur haft í handritahefðinni. Ein af niðurstöðum Lassen er að þeir sem sýsluðu með Edduhandrit á 17. og 18. öld hafi talið að gott Eddukvæðasafn ætti ekki aðeins að innihalda kvæðin úr Konungsbók Eddukvæða heldur einnig sem flest önnur kvæði undir sömu bragarháttum, til dæmis Sólarsljóð og Heiðreks gátur. Þannig hefur þótt sjálfsagt mál að hafa Hrafnagaldur með í slíkum handritum.

Um aldur Hrafnagaldurs hefur allnokkuð verið skrifað og ekki ríkt fullur einhugur um. Lassen taldi snemma í sinni rannsóknarvinnu að kvæðið kynni að vera gild miðaldaheimild en fann síðan sterk rök fyrir því að verkið sé til orðið eftir síðaskipti. Hún stingur upp á að Hrafnagaldur sé kveðinn eftir að Konungsbók kom í leitirnar 1643 og þykir mér líklegt að það sé rétt. Eitt sem Lassen telur til merkis um ungan aldur eru visuorðin „nótt skal nema / nýræða til“ en svipuð máltæki eru til á grísku og latínu og breiddust mjög út með endurreisninni. Þetta eru gild rök en þó er aldrei gott að vita nema svipuð máltæki getið komið upp á tveimur stöðum án þess

að tengsl séu á milli. Minnir þetta á tilraunir fræðimanna til að rekja efnivið Hávamála til latneskra spakmæla en um það efni hafa staðið hatrammar deilur. En jafnvel þótt einhver kynni að hafa efasemdir um þessi tilteknu rök fyrir ungum aldri Hrafnagaldurs þá er nægum öðrum röksemdum til að dreifa, bæði málsögulegum og bókmenntasögulegum, og ber þar allt að sama brunni.

Í útgáfu Lassen er að finna nýja þýðingu og túlkun á Hrafnagaldri. Um hverja vísu og hvert torráðið orð er fjallað sérstaklega. Oft eru settar fram nýjar skýringartilraunir en einnig nokkuð vísað í túlkunir fyrri fræðimanna. Hrafnagaldur er svo torráðið kvæði að sjálfsagt verða engir tveir lesendur sammála um allt og oft hugnast mér aðrar skýringar betur en þær sem Lassen setur fram. Ég nefni hér tvö dæmi. Í annarri vísu kvæðisins er að finna visuorðin „Óðhrærir skyldi / Urðar geyma“. Lassen skilur 'Óðhrærir' sem frumlag setningarinnar og 'Urðar' sem andlag í eignarfalli. Þetta kann að vera rétt en það er þó mun algengara á seinni öldum að 'geyma' stýri þolfalli en eignarfalli. Á 17. öld er alvanalegt að orð eins og 'lækni' séu eins í nefnifalli og þolfalli og mér finnst koma sterklega til greina að 'Óðhrærir' sé hér þolfall og andlag setningarinnar sé „Óðhrærir Urðar“. Með þessu gæti verið átt við Urðarbrunn og er það svipaður skilningur og Viktor gamli Rydberg lagði í vísuna.

Hitt dæmið sem mig langaði að sýna er fyrri helmingur fjórðu vísu:

*Dugir með dvergum
dvína heimar
niður að Ginnungs
niði sökkeva.*

Þarna skilur Lassen „Dugir með dvergum“ sem sjálfstæða setningu er merki „That's enough of the dwarves.“ Þetta er hugvitsamleg skýring en ég þekki engin dæmi um orðasambandið „duga með“ í þessari merkingu og Lassen nefnir engin. Mér hugnast því betur eldri skýringin að 'dugir' sé fleirtalan af 'dugur' og að dugir dverganna dvíni en heimarnir sökkuvi.

Svona mætti lengi deila um einstök atriði en það dregur ekki úr gildi verksins sem hér hefur komist á prent. Ítarleg rannsókn Lassen á öllum handritum kvæðisins skapar traustan textafræðilegan grundvöll fyrir allar frekari athuganir og er þannig kærkomin þeim sem áhuga hafa á þessu óvenjulega litla kvæði og hugarheimi sautjándu aldar sem þrungið göldrum og forneskju.

Haukur Þorgeirsson